

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjármámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 34 13. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 320

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	3.104.422
Innheimtuþóknun önnur	2.945.287
Endurkrafinn lögtakskostnaður	11.005.042
Innheimtur vaxtakostnaður og aðrar vaxtakröfur	178.809.887
	<u>195.864.638</u>
 Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	28.920.359
Húsnæðiskostnaður	2.428.443
Annar rekstrarkostnaður	30.223.476
Vextir og verðbætur	643.439
	<u>62.215.717</u>
 Tekjur umfram gjöld	<u>133.648.921</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1995.

Eignir:	Kr.
Sjóður	4.231.625
Bankainnstæður	12.338.370
Skuldabréfaeign	0
Ógreidd innheimtupóknun	3.565.893
Óinnheimtar kröfur	5.287.278.919
Sveitarfélög	350.040
Kröfur á fyrirtæki	35.504.516
Fyrirfram greiddur kostnaður	281.000
	<u>5.343.550.363</u>
 Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður	10.654
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	7.197.878
Tryggingastofnun ríkisins	165.114.895
Sveitarfélög	350.040
Erlendar innheimtur	755.860
Félagsmálaráðuneytið	5.683.931
	<u>179.113.258</u>
 Framlag jöfnunarsjóðs	3.059.131.300
Dráttarvextir óinnheimtir	1.149.871.423
Lögtakskostnaður óinnheimtur	43.533.059
Annað eigið fé	911.901.323
	<u>5.343.550.363</u>

Reykjavík, 11. mars 1996.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson.

Snorri Björn Sigurðsson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Árni Guðjónsson.

Nr. 321

3. júní 1996

REGLUGERÐ**um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB.**

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

1.1. Með reglugerð þessari er sett á laggirnar eftirlitskerfi í samræmi við 2. tl. f í XX. viðauka EES-samningsins (reglugerð 1836/93/EBE), sbr. tölulið b, 2. gr. reglugerðar nr. 377/1994 um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu. Þátttaka í kerfinu er frjáls öllum sem stunda iðnstarfsemi, sbr. skilgreiningu í i-lið 2. gr. Heimilt er að lækka eða fella niður gjald, á fyrirtæki sem þátt taka í kerfinu, fyrir reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda, sbr 5. og 6. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994.